

ÁRSSKÝRSLA 2024



MÍMIR
Vertu meira!



UM MÍMI

Mímir-símenntun er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið í stefnu og starfi hjá Mími er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, jafnt starfstengd og almenn námskeið sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni. Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu. Einkahlutafélagið Mímir-símenntun er rekið til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að styðja við framgang framhaldsfræðslu á Íslandi og efla menntunar- og fræðslumöguleika fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA OG
ÞRÓUN

RÁÐGJÖF OG
RAUNFÆRNIMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

FJÁRMÁL OG
REKSTUR


HÚSNÆÐI

Mímir-símenntun er með höfuðstöðvar sínar að Höfða-
bakka 9 í Reykjavík. Þar eru skrifstofur starfsmanna og
12 vel búnaðar kennslustofur. Húsnæðið er samtals 1758,6
fermetrar.





SKIPURIT MÍMIS





STEFNA MÍMIS

Framsækið þekkingarfyrirtæki með fjölbreytt námstækifæri þar sem kennsla, ráðgjöf og mat á raunfærni eru í fararbroddi.

Öflugt samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um að skapa fjölbreytt og eftirsóknarverð námstækifæri fyrir fullorðna einstaklinga.

Gæði, sveigjanleiki, nýsköpun og góð samskipti eru lykillinn að árangri.



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA OG
ÞRÓUN

RÁÐGJÖF OG
RAUNFÆRNIMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

FJÁRMÁL OG
REKSTUR

GILDI MÍMIS

FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

SAMSTARF

Við erum ein liðsheild. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
4



FRÁ FORMANNI STJÓRNAR
EYRÚN BJÖRK
VALSDÓTTIR

VIÐ VINNUM MEÐ ÍSLENSKU

Með auknum fjölbreytileika í íslensku samfélagi er enn mikilvægara að tryggja raunverulega inngildingu allra íbúa. Aðlögun að nýju landi og þjóð felst ekki aðeins í því að fá vinnu eða húsnæði heldur einnig að öðlast tækifæri til að læra, tjá sig og tilheyra. Þar gegnir íslenskukennsla lykilhlutverki. Hún er brúin sem tengir fólk með ólíkan bakgrunn, styrkir samskipti fólks og stuðlar að virðingu og samstöðu í samfélaginu.

Mímir-símenntun og Alþýðusamband Íslands héldu sameiginlega ráðstefnu í febrúar 2024 undir yfyrskriftinni *Við vinnum með íslensku*. Þar komu saman fulltrúar atvinnulífsins, stéttarfélaga og stjórnvalda til að ræða hvernig bæta megi íslenskukennslu og efla tækifæri innflytjenda til þátttöku á íslenskum vinnumarkaði og í samfélaginu. Ráðstefnan var vel sótt og sýndi skýrt að viðtækur vilji er til staðar, bæði hjá atvinnurekendum og starfsfólki, til að efla íslenskukunnáttu á vinnustöðum. Þá er mikil fjölgun þátttakenda í íslenskunámi árið 2024 skýr vísbending um að aðfluttir vilji læra íslensku, taka þátt í samfélaginu og leggja sitt af mörkum.

Viljinn dugar þó skammt ef honum fylgir ekki fjármagn. Ef stjórnvöld vilja raunverulega efla íslenska tungu og inngildingu innflytjenda þarf að tryggja stöðugt og nægjanlegt fjármagn til íslenskukennslu. Það

er forsenda þess að fræðsluaðilar geti boðið upp á samfellu í tungumálanámi og haldið uppi gæðum náms. Án slíkrar fjárfestingar verða tækifæri til virkrar þátttöku skert og samfélagið okkar fer á mis við verðmætan mannauð og tækifæri til aukinnar samheldni.

Mímir-símenntun hefur lengi verið í fararbroddi þegar kemur að því að þróa íslenskunám sem er hagnýtt, sveigjanlegt og einstaklingsmiðað. Með áframhaldandi stuðningi getum við haldið þeirri vegferð áfram og tryggt að íslenskan verði ekki hindrun heldur lykill að þátttöku, betri framtíð og tækifærum fyrir alla.

Hjá Mími-símenntun er inngilding samofin öllu starfinu. Með fjölbreyttu námsframboði, einstaklingsmiðaðri ráðgjöf og skapandi kennsluaðferðum er fólki mætt af virðingu og skilningi því við vitum að menntun er lykillinn að virkri samfélagsþátttöku og betri lífsgæðum.

Fyrir hönd stjórnar Mímis-símenntunar vil ég þakka starfsfólki, kennurum og samstarfsaðilum fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á árinu 2024.

Eyrún Björk Valsdóttir,
formaður stjórnar Mímis-símenntunar



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Til framtíðar - á sterkum grunni fagmennsku og trausts

Árið 2024 var ár vaxtar, nýsköpunar og faglegra umbreytinga hjá Mími-símenntun. Við höldum áfram að efla hlutverk Mímis sem leiðandi fræðsluaðili fyrir fólk með stutta formlega menntun og einstaklinga sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Hæst ber þar að nefna sífellt fjölbreyttara námsframboð, öflugt samstarf við atvinnulífið og markvissa þróun námsleiða sem stuðla að inngildingu og þátttöku á íslenskum vinnumarkaði.

Eftirspurn eftir þjónustu hjá Mími-símenntun jókst á flestum sviðum. Nemendastundum fjölgaði um 20,5% milli ára sem er sterkt merki um vaxandi traust til Mímis og mikilvægi þess hlutverks sem starfsemin gegnir. Sérstaklega er vert að nefna fjölgun nemenda í starfstengdum námsbrautum og íslensku-

námi sem endurspeglar bæði breyttar þarfir samfélagsins og sveigjanleika í nálgun okkar.

Fjárveiting til íslenskukennslu dugar skammt

Um 120 manns sóttu ráðstefnuna *Við vinnum með íslensku* sem Mímir-símenntun og Alþýðusamband Íslands stóðu fyrir á Hilton-hótelinu 29. febrúar. Á ráðstefnunni var einblínt á helstu áskoranir samfélags og vinnumarkaðar þegar kemur að inngildingu innflytjenda sem og því að kenna og læra nýtt tungumál í nýju landi.

Eftir því sem þátttaka innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði eykst verður þörfin á markvissri íslenskukennslu sífellt meiri. Hins vegar er fjármagn frá stjórnvöldum til íslenskunámskeiða töluvert langt frá því að svara eftirspurn hjá Mími, bæði frá einstaklingum og vinnustöðum, en fjármagn til námskeiðahalds

varð uppurið snemma á haustönn. Þar með var ekki hægt að tryggja þeim fjölda nemenda sem sótti námskeið á vorönn og hugðist halda áfram námi á haustönn mikilvæga samfelli í íslenskunámi.

Óhagnaðardrifinn fræðsluaðili

Rekstur starfseminnar er stöðugur og byggist á þéttri áætlanagerð og eftirliti með framkvæmd verkefna. Mímir-símenntun er óhagnaðardrifinn fræðsluaðili í eigu aðila vinnumarkaðarins, Alþýðusambands Íslands. Velta ársins 2024 jókst um 17% á milli ára og gafst svigrúm til nauðsynlegra innviðafjárfestinga sem sneru að endurnýjun tækjabúnaðar til kennslu. Hjá Mími-símenntun eru allar innviðafjárfestingar gjaldfærðar á þeim degi sem til þeirra stofnast sem gerir reksturinn gagnsærri. Í ljósi þess að Mímir er rekinn án hagnaðarsjónarmiða er talið jákvætt að

Nemandi á Fagnámskeiði í félags- og heilbrigðisþjónustu 2024
Geggað fræðandi og skemmtilegt námskeið! Lærði fullt af nýjum og fleiri leiðum sem gagnast mér í samskiptum og til að líða betur. Góðar umræður og þælingar.



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR BJÖRNSDÓTTIR

takmarka möguleika fyrirtækisins á að velta kostnaði á undan sér. Þessi regla skekkir hins vegar samanburð við afkomutölur (og kennitölur) annarra félaga. Rekstrarhalli var



Nýtt námstækifæri fyrir fatlað fólk hófst á árinu. Námið kallast *Færni á vinnumarkaði* og útskrifast nemendur með fagbréf FA að námi loknu. Námið er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fjölmennatar. Á myndinni má sjá nemendur, félags- og vinnumarkaðsráðherra og fulltrúa samstarfsaðila.

af almennum rekstri félagsins, vegna gjaldfærðra innviðafjárfestinga, en rekstrarafgangur ársins eftir fjármagnsliði voru rúmlega fjórar milljónir króna. Samþykktir Mímis kveða á um að ekki megi greiða eigendum arð heldur skuli nýta mögulegan rekstrarafgang til að efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.

Nýsköpun og þróun

Sérstök áhersla var lögð á að flétta saman vottuðum námsleiðum í framhaldsfræðslu og íslenskukennslu, oftast en ekki í samstarfi við atvinnulífið. Þannig tókst að bjóða upp á nýtt nám sem enn frekar endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins og mætir fólki þar sem það er statt.

Fjölgun nemendastunda varð mest í starfstengdum námsleiðum þar sem íslenskukennsla fer fram með hagnýtri nálgun í samhengi við raunveruleg störf. Þar má nefna námsleiðir á borð við *Leikskólasmiðju* og *Umönnunarsmiðju* sem nutu mikilla vin-

sælda meðal aðflutts fólks með annað móðurmál en íslensku og hefur skýran vilja til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Starfsþjálfun á vinnustað er mikilvægur hluti af náminu og leiðir oft til þess að nemendur fái atvinnu að námi loknu. Farsælt samstarf við Vinnumálastofnun hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun og framkvæmd þessara námsleiða.

Í september hófst kennsla hjá Mími í nýrri námskrá, *Færni á vinnumarkaði*, sem ætlað er að efla atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Mími var meðal þeirra fræðsluaðila sem tóku þátt í að stuðla að farsælli innleiðingu námsins en námskráin er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fjölmennatar.

Ný námskeið á borð við *How to be Self-Employed in Iceland* og áframhaldandi þróun námsleiðarinnar *Íslenska og atvinnulífið* endurspeglar hvernig við mætum ólíkum þörfum og fjölbreyttum bakgrunni nemenda með markvissum og sveigjanlegum lausnum.

Nemandi á íslenskunámskeiði 2024
Ég er mjög ánægð. Ég er opin að tala íslensku.
Ég reyni á hverjum degi!



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

Þá var áhersla lögð á að bæta kennslu og stuðning við íslenskukennara með aukinni stoðþjónustu, fjölbreyttu námsefni og alþjóðlegu samstarfi, meðal annars á vegum Erasmus+.

Efling samstarfs og þjónustu

Samstarf við atvinnulífið jókst enn frekar á árinu. Sífellt fleiri vinnustaðir leita til Mímis um samstarf vegna íslenskukennslu, hvort sem litið er til fyrirtækja í einkarekstri, stofnana eða sveitarfélaga. Þá er verkefnið *Fræðslustjóri að láni*, sem unnið var í samstarfi með Reykjavíkurborg og Eflingu, gott dæmi um hvernig við vinnum með stofnunum að markvissri fræðslu.

Umsvif Mímis við framkvæmd mats vegna *Fagbréfa atvinnulífsins* jukust á árinu þegar Mímir hóf samstarf við Securitas um framkvæmd mats vegna fagbréfa fyrir starfsfólk í öryggisvörslu. Áður hafði Mímir einbeitt sér að framkvæmd mats vegna fagbréfa fyrir verslunarstörf. Fagbréfin, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út að matsferli loknu, marka tímamót í þróun fagmennsku í viðkomandi starfsgrein og staðfesta faglega hæfni starfsfólks.

Áhugaverð þróun varð á þjónustu sem snertir ráðgjöf hjá Mími. Einstaklingum með erlent ríkisfang sem sóttu sér náms- og starfsráð-



Frá afhendingu hvatningarverðlauna Stjórnvísis 2024.

gjöf hjá Mími fjölgaði um tæplega helming á milli ára. Þessi þróun endurspeglar aukna vitund um þjónustuna meðal ráðþega með erlent ríkisfang sem og gefur vísbendingu um að þörf fyrir slíka ráðgjöf sé til staðar. Þá virðist ráðgjöf um starfsþróun komin til að vera. Fjöldi rafrænna starfsþróunarviðtala fyrir félagsmenn VR jókst frá árinu áður. Viðtölin fóru úr því að vera 28 árið 2023 í 39 árið 2024.

Hlutverk Mímis við fyrirlögn prófa eykst ár frá ári með vaxandi fjölda próftaka. Á þetta bæði við um þau sem þreyta próf á háskólastigi hjá Mími sem og þau sem sækja íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt.

Fagmennska og gæði í brennidepli

Á árinu fór fram endurnýjuð EQM+ gæðavottun (European Quality Mark) á fræðslu-

Nemandi á íslenskunámskeiði 2024

We had different activities in class in groups, practiced having conversations in Icelandic, described pictures individually. In my experience Mimir has very qualified, experienced Icelandic teachers.



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

SÓLVEIG HILDUR
BJÖRNSDÓTTIR

starfsemi Mímis og lauk með fullri vottun. Þetta staðfestir að starfsemi okkar uppfyllir gæðakröfur um framkvæmd náms, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Við höldum einnig áfram að þróa gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 staðli og lögðum áherslu á öryggi gagna og upplýsingaöryggi í allri starfsemi. Þannig komumst við skrefi nær því að öðlast fulla vottun samkvæmt gæðastaðlinum.

Viðurkenningar frá Creditinfo og Viðskipta- blaðinu fyrir framúrskarandi rekstur og fyr- irmyndarfyrirtæki sem Mímir hefur hlotið í áraraðir styrkja enn frekar þá ímynd sem Mímir hefur byggt upp sem áreiðanlegur og ábyrgur fræðsluaðili.

Framtíðin er samstarf, gæði og þátttaka

Mímir stendur á sterkum grunni fagmennsku og trausts. Þetta er ekki tilviljun heldur af- rakstur markvissrar vinnu, stefnumótunar, metnaðar og samstarfs.

Viðætluð áframaðleiðanýsköpun í símenntun, byggja á styrkleikum okkar í íslenskukennslu og þróa nýjar námsleiðir sem koma til móts við samfélag í stöðugri mótun. Framtíð Mímis byggist á því að vera vettvangur tækifæra fyr- ir öll, hvar sem fólk er stadd í lífinu.

Áhersla okkar á inngildingu, fjölbreytileika



Í nemendarymi Mímis er notaleg aðstaða.

og gæði mun halda áfram að móta fram- tíð Mímis. Við sjáum fyrir okkur enn frekari samþættingu tungumálanáms og atvinnulífs, fjölgun námsleiða sem henta mismunandi hópum samfélagsins og áframhaldandi efl- ingu á stafrænu og sveigjanlegu námi. Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsfólki Mímis, kennurum, samstarfsaðilum og auð- vitað öllum nemendum okkar og viðskiptavin- um fyrir traustið, eljuna og trúna á breytingar

í gegnum menntun. Saman höfum við áork- að miklu – og eigum enn meira óunnið. Við horfum fram á veginn með bjartsýni og trú á mikilvægi þess að bjóða menntun sem byggir upp einstaklinga, samfélög og tækifæri. Ég hlakka til að taka næstu skref með ykkur öllum.

Sólveig Hildur Björnsdóttir,
framkvæmdastjóri

94%**nemenda**

í íslenskunámi eru **ánægð** eða
mjög ánægð með námið hjá Mími



MANNAUÐUR

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og kennurum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 20 á árinu en þeim fjölgaði um 1,2 milli ára. Þá voru 145 í verk-töku hjá Mími, langflestir við kennslu.

Stjórn	Núverandi starfsmenn		
Eyrún Björk Valsdóttir FORMAÐUR	Anna Sólveig Sigurðardóttir VERKEFNAFULLTRÚI	Jóhanna Steinunn Snorradóttir BÓKARI/LAUNAFULLTRÚI	Svanhvít Bragadóttir VERKEFNAFULLTRÚI
Ragnar Ólason VARAFORMAÐUR	Berta Stefánsdóttir VERKEFNAFULLTRÚI	Karen Guðmundsdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir VERKEFNASTJÓRI
Eypór Árnason MEÐSTJÓRNANDI	Bryndís Bessadóttir GJALDKERI/GÆÐASTJÓRI	Kristín Erla Þráinsdóttir FAGSTJÓRI RÁÐGJAFAR OG RAUNFÆRNIMATS	Vanessa Monika Isenmann VERKEFNASTJÓRI
Georg Páll Skúlason MEÐSTJÓRNANDI	Halla Björg Randversdóttir, VERKEFNASTJÓRI	Margrét Erla Björnsdóttir VERKEFNASTJÓRI	Victoria Snærós Bakshina VERKEFNASTJÓRI
Selma Kristjánsdóttir MEÐSTJÓRNANDI	Ingunn Guðmundsdóttir SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLA OG REKSTRAR/ STAÐGENGILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	María Stefanía Stefánsdóttir NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI/ VERKEFNASTJÓRI	Vignir Már Ástríðarson Másson VERKEFNASTJÓRI
Hilmar Harðarson VARAMAÐUR	Irma O. Matchavariani VERKEFNASTJÓRI	Sólborg Jónsdóttir VERKEFNASTJÓRI	Zita Györgyi Rézné Zádori VERKEFNASTJÓRI
Sólveig Anna Jónsdóttir VARAMAÐUR	Joanna Dominiczak FAGSTJÓRI ÍSLENSKUNÁMS OG ERLENDIS SAMSTARFS	Sólveig Hildur Björnsdóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI	Þórunn Grétarsdóttir FAGSTJÓRI NÁMSBRAUTA OG ÞRÓUNAR
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir VARAMAÐUR			

Nemandi í Mími 2024
Þakka þér Mimir fyrir faglegt
umhverfi og góða kennara.



FRÆÐSLA OG ÞRÓUN


Nemendastundum fjölgaði um 20,5% frá árinu á undan. Fækkun varð í fjölda nemendastunda í almennum námsbrautum um tæp 13% en nemendastundum í starfstengdum námsbrautum fjölgaði hins vegar um 27%. Aukning varð einnig á fjölda nemendastunda í almennum og starfstengdum íslenskunámskeiðum, eða um 7,5%. Mesta fjölgun nemendastunda varð í íslenskunámi tengt námsbrautum FA eða 139% aukning. Nemendastundum fækkaði milli ára í tungumálanámi eða um tæp 17%. Fyrst og fremst má skýra aukinn fjölda nemendastunda með mikilli fjölgun á starfstengdum námsbrautum og fjölbreyttum íslenskunámskeiðum.

Fleiri luku raunfærnimati en árið áður og nam aukningin 12,3% á milli ára. Viðtölum í náms- og starfsráðgjöf fækkaði lítillega á milli ára. Hins vegar breyttist samsetning hópsins og hlutfall ráðþega með erlent ríkisfang jókst um 49,2% milli ára.

Í námsbrautum Mímis hefur áfram verið unnið markvisst að því að mæta þörfum markhóps framhaldsfræðslunnar, með sérstakri áherslu á inngildingu og stuðning við innflytjendur. Nýjar námsleiðir hafa verið þróaðar með áherslu á skapandi kennsluaðferðir og sveigjanlegt námsumhverfi.


Ein helsta nýjung ársins í námsframboði Mímis voru svokallaðar Smiðjur. Þær byggjast á nýrri námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem kallast Smiðja 2-1. Á árinu hófust bæði Leikskóla-smiðja og Umönnunarsmiðja, sem hafa fengið afar góðar viðtökur

Skipting nemendastunda árið 2024



Heildarfjöldi nemendastunda

SAMANBURÐUR Á MILLI ÁRA




Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
4


Heildarfjöldi nemenda á milli ára

KYNJASKIPTING



Heildarfjöldi nemenda

Á MILLI ÁRA





og reynst mikilvæg viðbót við námsframboð Mímis. Smiðjurnar eru sérsniðnar fyrir innflytjendur sem vilja starfa á leikskólum eða í umönnunarstörfum, en þurfa að styrkja íslenskukunnáttu sína og afla sér þekkingar á viðkomandi starfssviði. Smiðjan Færni á vinnumarkaði var einnig kennd í fyrsta sinn á árinu í samvinnu við Fjölmenn. Þetta er nýtt nám sniðið að þörfum fatlaðs fólks með það að markmiði að efla það og undirbúa fyrir þátttöku í fjölbreyttum störfum á vinnumarkaði.

Námsleiðir sem kenndar eru eftir uppbroti á námskrám Fræðslumiðstöðvar hafa einnig notið vaxandi vinsælda. Þar má nefna námsbrautina Íslenska og atvinnulífið, sem var kennd fyrst árið 2023 og hefur vaxið hratt milli ára. Námskeiðið er íslenskunámskeið á stigi 1 (A1.1) og hagnýt fræðsla um íslenskan vinnumarkað á móðurmáli þátttakenda. Auk þess var á árinu þróað nýtt námskeið sem byggist á uppbroti námskrárinnar fyrir markaðs-, sölu- og rekstrarnám. Úr varð námskeiðið How to be Self-Employed in Iceland, sem er sérsniðið að innflytjendum sem kynna sér hvernig hægt er að starfa sjálfstætt á Íslandi eða stofna eigið fyrirtæki. Námskeiðið hefur fengið góðar viðtökur og veitir þeim


mikilvæga fræðslu og stuðning sem vilja skapa sér tækifæri á íslenskum vinnumarkaði á eigin forsendum.

Íslenskukennsla hjá Mími hélt áfram að eflast með auknu framboði og úrvali námskeiða sem og góðri stoðþjónustu fyrir kennara. Áherslubreytingar í íslenskukennslunni urðu í kjölfar greiningarvinnu og endurskoðunar á bæði kennsluháttum og þjónustu við nemendur og kennara.

Bókun flestra viðtala við náms- og starfsráðgjafa fer fram í gegnum vef Mímis. Nú er einnig boðið upp á að bóka upplýsingaviðtöl vegna raunfærnimats á vefnum. Viðtöl fóru fram bæði í húsnæði Mímis og með rafrænum hætti.

Hjá Mími er lögð áhersla á að hlusta á þarfir nemenda okkar og samstarfsaðila og þróa námsframboð í takt við fjölbreytt og sveigjanlegt námsumhverfi. Með nýjungum og stöðugri þróun námsleiða tryggjum við að Mímir haldi áfram að vera í fremstu röð þegar kemur að því að bjóða upp á nám sem styður við færniþróun, starfspjálfun og inngildingu á vinnumarkaði.

Aldursdreifing nemenda



Nemandi Mímis, Sigurður Kristinn Guðmundsson, var valinn fyrirmynd í námi fullorðinna árið 2024 á ársfundi FA. Viðurkenningin er veitt þeim sem hafa bætt stöðu sína eftir leiðum framhaldsfræðslunnar og sýnt framúrskarandi árangur.

Nemandi í Leikskólaliðabré 2024

Virkilega áhugavert og skemmtilegt námskeið! Lærði svo margt nýtt og spennandi. Hef hingað til haft litla kunnáttu og þolinmæði fyrir tækni. Nú hef ég margar hugmyndir og get nýtt dauðar stundir og undirbúningstíma á leikskólanum.



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA MÍMIS

Fræðslustjóri að láni

Hjá Mími var verkefnið Fræðslustjóri að láni unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg og fræðslusjóð Eflingar. Verkefnið fól í sér að greina fræðsluþarfir starfsfólks í heimafjónustu Reykjavíkurborgar og þróa markvissa fræðsluáætlun sem styður við starfsþróun og betri þjónustu. Í kjölfarið var lögð fram heildstæð áætlun sem nýtist til framtíðar í fræðslumálum starfsfólksins.

Leiðtoganámskeið fyrir BAUHAUS

Á árinu 2024 hélt Mímir leiðtoganámskeið fyrir starfsfólk BAUHAUS. Markmið námskeiðsins var að styðja við stjórnendur og efla hæfni þeirra til að byggja upp jákvæða fyrirtækjamenningu. Áhersla var lögð á að veita þátttakendum yfirsýn yfir stjórnunar- og leiðtogafræði, auk þess að kynna aðferðir sem stuðla að vellíðan starfsfólks, efla liðsheild og styrkja jafnrétti á vinnustað.

Fagbréf atvinnulífsins

Hjá Mími taka náms- og starfsráðgjafar þátt í verkefnum tengdum Fagbréfi atvinnulífsins í samstarfi við fyrirtæki og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Fagbréf atvinnulífsins byggjast á raunfærnimati og eru formleg staðfesting á hæfni starfsmanna í ákveðnum starfsgreinum.

Íslenskunámskeið á vinnustöðum

Samstarf Mímis við fyrirtæki og stofnanir um íslenskunámskeið á vinnustöðum fer vaxandi. Stærstur hluti námskeiðanna tengist heilbrigðissviði og eru fyrir starfsfólk í umönnun á hjúkrunarheimilum og heilbrigðisstarfsfólk á Landspítala. Reykjavíkurborg er einnig samstarfsaðili Mímis og býður starfsfólki sínu sem starfar í skólum og við heimafjónustu upp á íslenskunámskeið.



Frá útskrift Leiðtoganámskeiðs fyrir Bauhaus.

Nemandi á starfstengdu íslenskunámskeiði 2024
I love the course! It really helped me „unlock“ my Icelandic studies, and feel less shy about practicing the language.



PRÓFAMIÐSTÖÐ MÍMIS

Íslenskupróf vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt

Á árinu þreyttu alls 953 einstaklingar íslenskupróf hjá Mími vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt. Það var aukning um tæp 19% frá fyrra ári þegar 801 einstaklingur tók prófið. Síðustu tvö ár hefur aukningin verið tæp 29%. Íslenskuprófin eru á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu en samkvæmt samningi við þá stofnun annast Mímir umsjón og fyrirlögn prófanna sem haldin eru tvisvar á ári, á vor- og haustönn. Í prófunum er kannaður skilningur, ritun og tal á íslensku og teljast þau á stigi A2 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum. Prófin eru haldin í samvinnu við nokkrar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Þau fara fram í húsakynnum Mímis á Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og Austurbrú á Egilsstöðum.

Stöðumat í íslensku

Hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á íslenskunámskeiðum boðið að taka almennt stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það stig í íslenskunámi sem hentar best.

Boðið er upp á rafrænt skriflegt stöðumat og munnlegt stöðumat gegnum fjarfundarbúnað eða á staðnum. Þátttakendur á starfstengdum íslenskunámskeiðum fá einnig stöðumat í íslensku svo námskeiðin uppfylli sem best þarfir jafnt starfsmanna sem vinnuveitenda. Þá býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun en 64 manns tóku slíkt stöðumat árið 2024 sem er aukning um tæp 78% frá fyrra ári.

Prófamiðstöð fyrir nemendur háskóla

Samstarf Mímis við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst hélt áfram eins og síðustu ár og sneri að fyrirlögn prófa fyrir háskólanemendur í húsnæði Mímis. Áfram jókst prófafyrirlögn hjá Mími og var aukningin rúmlega 3% á milli ára en 2820 próf voru lögð fyrir árið 2024 en 2725 á árinu 2023. Mímir veitir nemendum háskólanna aðstöðu til próftöku, bæði á símatsdögum og í prófatíðum háskólanna. Ljóst er að Mímir er eftirsóttur staður til próftöku fyrir háskólanemendur og hefur fest sig í sessi sem prófamiðstöð.



Hjá Mími er rekin öflug prófamiðstöð.



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Á árinu 2024 voru haldin 200 íslensku-námskeið sem er 42,85% aukning frá 2023 þegar þau voru 140 talsins. Af námskeiðum ársins fóru 40 námskeið fram í fjarnámi að hluta eða öllu leyti en það er tæplega 38% aukning frá fyrra ári eins og árið þar áður. Þátttakendur sem luku námi í íslensku voru 1984 en það er 25,5% aukning frá 2024.

Fjölbreytt íslenskunámskeið

20 eða 40 klukkustundir

Almenn námskeið í íslensku sem öðru máli voru á fimm stigum, það eru stig A1.1-B1.1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum, auk sérstakra almennra og starfstengdra talþjálfunarnámskeiða. Íslenskunámskeið voru einnig hluti af nokkrum námsbrautum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Boðið var upp á stig A1.1-A1.2 í íslensku fyrir átta mis-munandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda og var náms-brautin Íslenska og atvinnulífið nýtt fyrir þá hópa. Tungumálin voru arabíska, pólska, spænska, úkraínska, rússneska, litáíska, taí-

lenska og víetnamska. Íslenska hægferð, sem hentar fólki með litla formlega menntun eða fólki frá fjarlægum málsvæðum fellur undir námsbrautina Að lesa og skrifa á íslensku. Að auki var íslenskunám samtvinnað við tvær nýjar nýjar námsbrautir, það er Umönnunar- og Leikskólasmiðju.

Kennsla og námsefni tekur mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Evrópska tungumálarammanum. Lögð er áhersla á talþjálfun, fjölbreyttar kennsluað-ferðir og rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla almenna íslenskuþekkingu og færni í að nota tungumálið í daglegu lífi.

Almennt stöðumat í íslensku er skriflegt rafrænt stöðumat og munnlegt stöðumat gegnum fjarfundarbúnað eða í Höfðabakka 9. Námskeiðin fóru fram í staðnámi í Höfða-bakka 9 eða fjarnámi og kennt var á morgn-ana, kvöldin og um helgar.



Í íslenskunáminu er meðal annars lögð áhersla á samvinnunám.

Nemandi á íslenskunámskeiði 2024

I deeply appreciate the teacher's dedication and commitment to teaching, with her wonderful method that every day awakens more interest in learning Icelandic in a more practical way, giving the student great stimulation with practical classes and the confidence to practice speaking.



Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir

Starfstengdum námskeiðum í íslensku, fyrir fyrirtæki og stofnanir, fjölgaði um 38,7% á milli ára en alls voru 43 námskeið haldin hjá 17 fyrirtækjum með 418 þátttakendum. Námskeiðin voru 31 árið áður hjá 16 fyrirtækjum. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk innan spítalans. Starfstengd íslenskunámskeið fyrir Landspítalann og hjúkrunarheimili eru stærsti hluti námskeiða fyrir stofnanir hjá Mími en einnig voru haldin íslenskunámskeið fyrir starfsfólk Alþingis, Reykjavíkurborgar og fleiri fyrirtæki.

Nýjungar

Íslenskukennsla hjá Mími hefur tekið breytingum í kjölfar greiningarvinnu og endurskoðunar sem unnið hefur verið að síðastliðin þrjú ár. Markmiðið er ávallt að kennslan endurspegli þarfir nemenda og er meiri áhersla lögð á talþjálfun, fjölbreytta kennslu-hætti og aukið úrval og framboð námskeiða. Einnig er lögð áhersla á aukna fræðslu og bætta stuðþjónustu fyrir kennara með nám-


skeiðum fyrir kennara, góðu aðgengi að fjölbreyttu námsefni og verkfærum í kennslu auk handleiðslu fyrir nýja kennara.

Í byrjun haustannar á síðasta ári komu sérfræðingar sem starfa innan evrópsks sérfræðinets sem kallast Tungumál fyrir vinnu (Language for Work) til að vera með tveggja daga vinnustofu fyrir íslenskukennara og verkefnastjóra í íslenskuteymi Mímis. Netið er á vegum Miðstöðvar evrópskra tungumála í Graz (European Centre for Modern Languages-ECML). Vinnustofan var liður í eflingu stuðþjónustu fyrir íslenskukennara Mímis. Hjá Mími var einnig blásið til samkeppni í tilefni af degi íslenskrar tungu undir yfyrskriftinni Þetta er íslenskan mín!/That's my Icelandic! Þar deildu þátttakendur stuttu myndbandi þar sem þeir töluðu íslensku með sínum einstöku sérkennum og sögðu frá sinni íslensku.

Meðal nýjunga eru áframhaldandi þróun námsbrautanna Íslenska og atvinnulífið og Að lesa og skrifa á íslensku sem eru námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, íslenskunám í tengslum við Leikskóla- og Umönnunarsmiðjur og bókaklúbbar fyrir nemendur á hærri stigi í íslensku.


Tungumál

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Íslenska sem annað mál

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA





Frá útskrift á íslenskunámskeiði 2024



Frá vinnustofunni „Tungumál fyrir vinnu“ sem var haldin fyrir kennara og verkefnastjóra Mímis.



NÁMSBRAUTIR

Menntastoðir

460 klukkustundir

Á árinu lögðu átta nemendahópar stund á nám í Menntastoðum. Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að iðn- og tækninámi og að undirbúningsdeildum háskóla. Þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni eða tveimur önnum í staðnámi eða á tveimur önnum í fjarnámi.

Að lesa og skrifa á íslensku

80 klukkustundir

Á árinu lögðu átta nemendahópar stund á nám í námsbrautinni Að lesa og skrifa á íslensku sem er námsbraut Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námskeiðin voru kennd í blönduðum og arabískumælandi hópum. Námið er ætlað fólki af erlendum uppruna sem þarf lengri tíma til að öðlast grunnfærni í íslensku (stigi A1.1), hefur litla formlega skólagöngu eða þarf þjálfun við að lesa og skrifa á latneska letrinu. Námsgreinar eru íslenska, lestur, ritun, tölvuþjálfun og sjálfsstyrking.



Nemendur í íslensku með kennara sínum við útskrift.



Frá útskrift Menntastoða.




Íslenska og atvinnulífið

58 klukkustundir

Á árinu lagði tuttugu og einn nemendahópur stund á nám í námsbrautinni Íslenska og atvinnulífið sem er kennd eftir uppbroti á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námsbrautin er kennsla í íslensku á stigi 1 og fræðsla um íslenskt atvinnulíf á móðurmáli nemenda. Námskeiðið var kennt fyrir ensku-, spænsku-, portúgölsku, úkraínsku-, víetnömsku-, rússnesku-, litáísku-, og pólskumælandi hópa.


Almennar námsbrautir

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Starfstengdar námsbrautir

NEMENDASTUNDIR Á MILLI ÁRA



Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
4

Nemandi í Menntastöðum 2024

Rosalega ánægð, kennarinn var ótrúlega fljót að fara yfir verkefni og gefa manni umsögn svo að maður gat lært hratt og haldið strax áfram með verkefni. Naut þess mjög mikið að vera í tölvu áfanganum hjá henni. Takk fyrir mig!



STARFSTENGÐAR NÁMSBRAUTIR

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

140 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla sem er nám í grunnstarfi leikskóla-starfs fyrir starfsfólk leikskóla. Að auki lagði einn hópur stund á Fagnámskeið I í blönduðu stað- og fjarnámi sem er nýjung. Námskeiðin eru haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag. Að námi loknu sækja margir um áframhaldandi nám í Leikskólaliðabré.

Fagnámskeið I og II í aðhlynningu og umönnun

140 klukkustundir

Fjórir nemendahópar lögðu stund á nám í Fagnámskeiði I og II í aðhlynningu og umönnun á árinu í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag. Námið er grunnnám fyrir starfsfólk í umönnun og aðhlynningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af Félagsliðagátt.

Leikskólaliðabré

380 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám við Leikskólaliðabré. Leikskólaliðabré er

tveggja ára nám samhliða starfi á framhaldsskólastigi og veitir það lögverndaða starfsheitið leikskólaliði. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Félagsliðagátt

660 klukkustundir

Tveir nemendahópar lögðu stund á nám í Félagsliðagátt. Félagsliðagátt á árinu. Félagsliðagátt er fjögurra anna nám samhliða starfi á framhaldsskólastigi. Nemendur ljúka námi á 2. hæfniprepi. Til að öðlast starfsheitið félagsliði þurfa nemendur að ljúka 3. hæfniprepi í framhaldsskóla. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Samfélagstúlkun

130 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Samfélagstúlkun. Námið er ætlað þeim sem starfa eða hafa áhuga á að starfa við samfélagstúlkun en það er hlutlaus og fagleg túlkun á milli íslensku og erlends máls.

Tölvugrunnur og sjálfsefning

40 klukkustundir

Einn hópur lauk námskeiðinu Tölvugrunn-



Frá útskrift fagnámskeiðs fyrir leikskólastarfsfólk.



ur og sjálfsefning sem haldið var í samvinnu við Vinnumálastofnun. Kennt var á arabísku. Á námskeiðinu er kennd grunntölvufærni og sjálfsefning.

Leikskólasmiðja og íslenska

128 klukkustundir

Þrír hópar lögðu stund á nám í Leikskólasmiðju og íslensku, sem var í boði í fyrsta skipti á þessu ári. Námskeiðið er sérhannað fyrir þá sem vilja starfa á leikskóla á Íslandi en þurfa betri íslenskukunnáttu og innsýn í leikskólastarf hér á landi. Markmiðið er að efla íslenskukunnáttu þátttakenda með áherslu á orðaforða tengdan vinnu með börnum, veita innsýn í menningu og starfshætti leikskóla og bjóða upp á þátttöku í skapandi vinnustofum, meðal annars tónlist, útikennslu og listastarfi. Að auki fara nemendur í vettvangsnám á leikskóla.

Umönnunarsmiðja og íslenska

128 klukkustundir

Einn hópur lagði stund á nám í Umönnunarsmiðju og íslensku, sem var í boði í fyrsta skipti á þessu ári. Námskeiðið er sérhannað fyrir þá sem vilja starfa við umönnun en skortir íslenskukunnáttu. Markmið námskeiðsins er að styrkja íslenskukunnáttu þátttakenda með áherslu á orðaforða sem tengist umönnunar-

störfum, veita innsýn í menningu og starfshætti í umönnun og kenna hagnýta færni sem nýtist í starfi, svo sem líkamsbeitingu og verklag. Í náminu er einnig boðið upp á skapandi vinnustofur þar sem meðal annars er lögð áhersla á heilsuefningu og listastarf.

How to be self-employed

48 klukkustundir

Þrír hópar lögðu stund á nám í How to be Self-Employed in Iceland sem var í boði í fyrsta skipti á þessu ári. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja hefja sjálfstæða starfsemi eða vinna sem verktakar á Íslandi, með áherslu á grunnþætti eins og frumkvöðlastarf, netmarkaðssetningu og samningatækni. Námskeiðin voru kennd í blönduðu stað- og fjarnámi. Tvö námskeið voru kennd á ensku og eitt á arabísku.

Færni á vinnumarkaði

70 klukkustundir

Einn hópur lauk námi á nýrri námsbraut, Færni á vinnumarkaði, sem var kennd í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Vinnumálastofnun, Símennt og Fjölmennt. Um er að ræða starfstengt nám fyrir fatlað fólk sem er að stíga inn á almenna vinnumarkaðinn. Námið er alls 180 klukkustundir, þar af 70 klst. í fræðslu og 110 klst. í starfsþjálfun.



Útskrift félagsliða vor 2024

Nemandi á fagnámskeiði 2024
Kann að meta frelsið að læra og geta verið í vinnu á meðan .



Í náminu er boðið upp á fjölbreytt störf, meðal annars í endurvinnslu, á lager, í umönnun, leikskóla, verslun, þrifum og þjónustu. Að loknu námi fá þátttakendur viðurkenningu á hæfni sinni með Fagbréfi atvinnulífsins.

Nám í stóriðju - framhaldsnám

385 klukkustundir

Einn nemendahópur útskrifaðist úr námi í stóriðju - framhaldsnámi en námið hófst á haustönn 2023. Náms tími var þrjár ann-ir. Námið er haldið í samstarfi við Rio Tinto á Íslandi og fer kennsla fram þar. Það er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni. Tilgangur náms- ins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni og auka starfsánægju.

Skrifstofuskólinn

160 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á nám í Skrifstofuskólanum en hann er sam- starfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskól- ans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námið

byggist á lausnum hagnýtra viðfangsefna.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

440 klukkustundir

Fjórir hópar luku námi í Sölu-, markaðs og rekstrarnámi á árinu 2024. Tveir hópar hófu nám á haustönn 2024 og ljúka námi á vor- önn 2025. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið með náminu er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.



Hjá Mími eru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Nemandi í náminu Samfélagstúlkun 2024

Takk fyrir þetta áhugaverða námskeið og að gefa mér þetta tækifæri sem gerir mér kleift að blómstra sem túlkur. Ég mun oft skoða góðu ráðin og nota allt sem ég lærði af kennurunum.



ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Tungumálanámskeið

12 klukkustundir

Átta námskeið í erlendum tungumálum voru haldin á árinu og fækkaði þeim um fimm á milli ára.

Námskeið í spænsku og ítölsku voru vinsælust. Haldin voru fimm námskeið í spænsku, eitt námskeið í ítölsku auk eins námskeiðs í ensku fyrir úkraínskumælandi fólk. Samstarf hófst að nýju um tungumálanámskeið fyrir nemendur Fjölmenntar. Alls voru haldin tvö námskeið í ensku og eitt í þýsku fyrir þennan nemendahóp.

Starfslokanámskeið

3/6 klst.

Fjögur starfslokanámskeið voru haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag fyrir félagsmenn Eflingar. Tvö námskeið á íslensku, eitt á pólsku og eitt á ensku. Á námskeiðunum var fjallað um iðju og lífsleikni við starfslok, lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok.

Dyravarðanámskeið

17 klukkustundir

Átta nemendahópar luku dyravarðanámskeiði á árinu, fjórir hópar á íslensku og fjórir hópar á ensku. Markmið með námskeiðinu er fyrst og fremst að efla dyraverði í starfi en einnig er því ætlað að stuðla að öryggi starfsfólks og gesta vinnveitingahúsa. Námskeiðið er jafnframt hluti af verkefninu „öruggar borgir“ (e. Safe Cities) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Námskeiðið er liður í samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Samtaka ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Samkomulagið snýr að auknu og bættu samstarfi milli þessara aðila en í því er kveðið á um að eingöngu starfi dyraverðir sem lokið hafa dyravarðanámskeiði og lögreglustjóri hefur samþykkt.



Frá útskrift úr Leikskólasmiðju vor 2024.



Frá útikennslu í Leikskólasmiðju.



Starfsleitarstofa

12 klukkustundir

Tólf starfsleitarstofur voru haldnar í samvinnu við Vinnumálastofnun. Í starfsleitarstofu er markmiðið að veita atvinnuleitendum ákveðna grunnþekkingu í undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Áhersla var lögð á sjálfsstyrkingu, aðhald og hvatningu til atvinnuleitar. Námskeiðin voru kennd á ensku og pólsku.

Landneminn – kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur í samfélagsfræðslu

14 klukkustundir

Einn hópur lauk kennslufræðinámskeiði fyrir leiðbeinendur í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk sem haldið var í samstarfi við Vinnumálastofnun. Námskeiðið var kennt á ensku í fjarkennslu. Á námskeiðinu var kynnt

kennslufræði og aðferðir við skipulag og kennslu á samfélagsfræðslunámskeiðum fyrir flóttafólk. Nemendur unnu með námsefnið Landneminn auk annars efnis í samfélagsfræðslu. Þá kynntu hagaðilar þarfir flóttafólks út frá þörfum ólíkra stofnana sem sinna markhópnum.

Tónlist í umönnunarstörfum

6 klukkustundir

Einn hópur lauk námskeiðinu Tónlist í umönnunarstörfum. Námskeiðið er fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum og aðstandendur fólks með heilabilun. Á námskeiðinu var fjallað um það hvernig hægt er að nota tónlist í samskiptum og umönnun fólks með heilabilun til að auka lífsgæði þess.



Frá útskrift úr fagnámskeiði í aðhlynningu og umönnun.

Nemandi á Dyravarðanámskeiði 2024
Snilldar skóli og snilldar kennarar 10/10



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA OG
ÞRÓUN

RÁÐGJÖF OG
RAUNFÆRNIMAT


ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

FJÁRMÁL OG
REKSTUR

MYNDIR ÚR STARFSEMI MÍMIS 2024



Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A
2
0
2
4



UM
MÍMI

FRÁ
FORMANNI
STJÓRNAR

INNGANGUR
FRAMKVÆMDASTJÓRA

FRÆÐSLA OG
ÞRÓUN

RÁÐGJÖF OG
RAUNFÆRNIMAT

ÞRÓUNAR- OG
SAMSTARFSVERKEFNI

GÆÐAMÁL

KYNNINGAR- OG
MARKAÐSMÁL

FJÁRMÁL OG
REKSTUR





RÁÐGJÖF OG RAUNFÆRNIMAT

Náms- og starfsráðgjöf


Á árinu 2024 voru alls tekin 1.737 viðtöl en árið 2023 voru þau 1.763. Það samsvarar 1,47% fækkun á heildarfjölda viðtala. Þrátt fyrir þessa litlu breytingu í heildartölum hafa orðið verulegar breytingar á samsetningu hópsins eftir ríkisfangi ráðþega. Viðtöl við einstaklinga með íslenskt ríkisfang voru 912

árið 2024 en 1.210 árið 2023, sem er 24,6% fækkun. Hins vegar fjölgaði verulega í hópi einstaklinga með erlent ríkisfang sem komu í viðtal. Þeim fjölgaði úr 553 árið 2023 í 825 árið 2024 og er það 49,2% aukning. Þessi þróun endurspeglar aukna vitund um þjónustuna og meiri fjölbreytileika meðal þeirra sem leita sér náms- og starfsráðgjafa.



Þjónusta náms- og starfsráðgjafa hjá Mími er einstaklingsmiðuð.

Fjöldi viðtala EFTIR ÞJÓÐERNI 2024





Árið 2024 fóru fram 541 viðtöl rafrænt sem eru 31,2% af heildarfjölda viðtala. Þetta er samdráttur frá árinu 2023 þegar 706 rafræn viðtöl voru tekin eða 40% af heildarfjölda. Hlutfall rafrænna viðtala lækkaði því um 8,8 prósentustig milli ára.

Fræðslusjóður leggur Mími til fjármagn til að veita markhópi framhaldsfræðslunnar náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af því. Kostnaður við hvert viðtal, sem tekur mið af verðskrá Fræðslusjóðs, hækkaði milli árána 2023 og 2024. Auk þess er Mímir með samstarfssamning við stéttarfélagið VR um starfsþróunarviðtöl.

Á árinu 2024 voru tekin 39 rafræn starfsþróunarviðtöl fyrir félagsmenn VR sem er aukning frá fyrra ári þegar þau voru 28. Markmið ráðgjafarinnar er að aðstoða félagsfólk við ákvarðanatöku um nám eða stöðu á vinnu- markaði sem og að kanna leiðir til starfsþróunar.

Tímabókunarkerfi til að bóka viðtöl við náms- og starfsráðgjafa Mímis var þróað áfram á vef Mímis og einnig er nú boðið upp á að bóka upplýsingaviðtöl vegna raunfærnimats á vefnum. Bókun flestra viðtala við náms- og

starfsráðgjafa fer því fram í gegnum vef Mímis. Viðtöl fóru fram bæði í húsnæði Mímis og með rafrænum hætti.

Stöðugildi í lok árs voru 3,7 sem fjórir náms- og starfsráðgjafar sinntu. Þjónusta við nemendur Mímis er margþætt og getur meðal annars falist í stuðningi og hvatningu við námið, ábendingum um leiðir til að takast á við hindranir í námi og hvernig má tileinka sér góð vinnubrögð. Náms- og starfsráðgjafar unnu að þróunarverkefnum í samstarfi við annað starfsfólk Mímis, fyrirtæki á vinnu- markaði og erlenda samstarfsaðila sem nýtast markhópi framhaldsfræðslunnar.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa hjá Mími voru sem áður ráðgjöf til einstaklinga, þátttaka í kynningar- og markaðsstarfi Mímis, þróunarverkefni, kennsla og verkefnastjórnun í raunfærnimati. Í ráðgjöf til einstaklinga felst leiðsögn við gerð ferilskrár og almennrar færnisráningar, aðstoð við starfsleit og skoðun leiða til að styrkja stöðu einstaklingsins á vinnumarkaði. Einnig er komið inn á þætti eins og námstækni, áhugasviðskannanir, sjálfsskoðun og sjálfsefningu ásamt mati á fyrra námi og upplýsingum um nám í boði.



Nemendur Mímis hafa fjölbreyttan bakgrunn og tekur ráðgjöfin mið af því.



Raunfærnimat

Alls fóru 73 manns í gegnum raunfærnimat hjá Mími 2024 sem er 12,3% aukning frá árinu áður þegar 65 manns luku raunfærnimati. Þessi fjölgun í raunfærnimati skýrist af fjölda nýrra fyrirtækja sem komu inn í raunfærnimat í Fagnámi verslunar og þjónustu árið áður.

Raunfærni er samhlöð færni sem náð er með ýmsum hætti í námi, starfi eða einkalífi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefningar hvort sem metið er á mótí námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum. Raunfærnimat er stór þáttur í verkefnum náms- og starfsráðgjafa en þeir sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf hvað það varðar. Raunfærnimat fer fram ýmist rafrænt eða á staðnum.


Á árinu var unnið að nokkrum raunfærni-

imatsverkefnum. Raunfærni var metin á mótí viðmiðum félags- og tómstundabrautar, stuðningsfulltrúabrautar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabrautar. Einnig fór fram raunfærnimat fagnáms verslunar og þjónustu en það er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem vinnustaðahlutinn er metinn hjá fyrirtækjunum sjálfum. Í kjölfarið er hægt fá einingar á mótí kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands.

Fagbréf atvinnulífsins eru formleg staðfesting á hæfni starfsmanna í tilteknum starfsgreinum og eru byggð á raunfærnimati. Með þeim er viðurkennd sú þekking og reynsla sem starfsmenn hafa aflað sér í starfi. Ferlið stuðlar að fagmennsku og hæfnipróun á vinnu- markaði sem nýtist bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Á árinu 2024 hafði Mímir í fyrsta skipti umsjón með verkefni um Fagbréf atvinnulífsins í samstarfi við Securitas. Verkefnið snerist um að meta og staðfesta hæfni starfsmanna í öryggisvörslu, en fagbréfin eru gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fjöldi viðtala

Á MILLI ÁRA



Nemandi á starfstengdri námsbraut 2024

Margt mjög áhugavert sem hefur komið fram og góðir punktar sem ég er að nýta mér, ekki eingöngu í námi, heldur í starfi og einkalífinu.



ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Unnið var að átta slíkum verkefnum árið 2024 með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt voru af Fræðslusjóði framhaldsfræðslunnar eða Erasmus+. Í innlendum verkefnum var áhersla á verkefni sem miða að því að auka gæði íslenskukennslu, jafnt í stað- og fjarnámi, þróa starfstengt íslenskunám og kennslufni tengt því og styrkja samskipti á íslensku á vinnustöðum. Erlendu verkefnin snérust um leiðir til að auka atvinnuþátttöku kvenna af erlendum uppruna og ungs fólks, með því að efla raunfærnimat og starfshæfniþróun.

Námsbraut fyrir tungumálamentora í fyrirtækjum

Júní 2024 til júlí 2025

Verkefnið snýst um að þróa og kenna í tilraunaskyni námsbraut fyrir tungumálamentora í fyrirtækjum. Markmiðið er að bæta íslenskukunnáttu starfsmanna, auka menningarlæsi og stuðla að betri samskiptum og samstarfi

innan fyrirtækja. Samstarf er við Háskóla Íslands um rannsókn á áhrifum námsins innan fyrirtækja.

Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði.

SAMTAL. Samskipti á íslensku í umönnun aldraðra

Júlí 2024 til júní 2026

Í verkefninu verður nýttur orðaforði í smáforritinu lðunni sem er nýtt á hjúkrunarheimilum við hjúkrunarskráningu fólks auk dæmisagna úr starfi á hjúkrunarheimilum. Markmiðið er að hanna námsefni og halda námskeið sem tengir saman raunaðstæður í starfi og raunorðaforða við íslenskunám starfsfólks í umönnun. Áhersla er lögð á aukinn skilning og aukna færni í virkum samskiptum á íslensku í starfinu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Helix Health sem er fyrirtæki á sviði tæknilausna fyrir heilbrigðisþjónustu og Vigdísarholt sem rekur nokkur hjúkrunarheimili. Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði.



Frá Erasmus námsferð starfsmanna til Helsinki.



Þróun kennsluefnis fyrir leikskólasmiðju

Ágúst 2024 til febrúar 2026

Markmið verkefnisins er að þróa stafrænt og sértækt kennsluefni í íslensku í samræmi við námskrá um Leikskólasmiðju. Í smiðjunni er samþætt leikskólaliðanám og starfstengd íslenska. Tilgangur verkefnisins er að efla gæði og samræmi í kennslu Leikskólasmiðju fyrir fólk af erlendum uppruna og að bæta við þekkingu og færni starfsfólks í leikskólum. Námsefnið verður hýst á vefsíðu Mímis og aðgengilegt kennurum Leikskólasmiðju. Verkefnið er styrkt af Fræðslusjóði.

KeNNA

Janúar 2023 til desember 2024

Verkefnið sneri að því að búa til stutt myndbönd fyrir kennara til að skipuleggja áhuga-verða og árangursríka fjarkennslu. Viðfangsefni myndbandanna snúa að tæknilegum atriðum og kennslufræði, notkun mismunandi fjarskiptaforrita, góðum kennsluháttum, mismunandi kennslufyrirkomulagi og bestu sannreyndu aðferðunum í fjarkennslu. Myndböndin verða aðgengileg öllum á heimasíðu Mímis en eru þegar aðgengileg á YouTube. Fræðslusjóður styrkti verkefnið.

VinnuTAL

Janúar 2023 til desember 2024

Verkefnið sneri að því að búa til rafræn verkefni til talþjálfunar í starfstengdri íslensku á þrepi A2-B1 samkvæmt Evrópska tungumálarammanum en verkefnin er hægt er að aðlagða að mismunandi störfum. Einnig voru útbúnar kennsluleiðbeiningar. Kennsluefnið og kennsluleiðbeiningar verða birtar á heimasíðu Mímis. Fræðslusjóður styrkti verkefnið.

Parfa- og væntingakönnun

Janúar 2022 til maí 2024

Í verkefninu voru kannaðar þarfir og væntingar innflytjenda til íslenskunáms. Framkvæmd var könnun meðal markhópsins og niðurstöður notaðar til þróunar rafræns leiðarvísis fyrir kennara og fræðsluaðila. Námskeið var prufukeyrt með rýnihópi og niðurstöður nýttar til að bæta kennsluaðferðir. Verkefnið sýndi mikilvægi sveigjanleika og aðlögunar að bakgrunni þátttakenda og skapaði grunn að þróun íslenskunámskeiða sem stuðla að bættri upplifun og árangri í íslenskunámi fullorðinna. Leiðarvísirinn verður aðgengilegur á heimasíðu Mímis. Fræðslusjóður styrkti verkefnið.



Samstarfsaðilar verkefnisins Discover and Empower heimsóttu Mími.



Discover and Empower

Desember 2023 til desember 2025

Markmið verkefnisins er að styðja ungt fólk (25–40 ára) við að greina styrkleika sína, áhugasvið og gildi, efla sjálfstraust og atvinnuhæfni. Einnig er markmiðið að styðja kennara í fullorðinsfræðslu við að innleiða sérstök verkfæri starfsþróunarhæfni með notkun upplýsingatækni og þróun gagnvirkra fræðsluúrræða. Tilgangur verkefnisins er að bregðast við breyttum þörfum á vinnumarkaði og stuðla að markvissri starfsþróun ungs fólks í Evrópu.

Umsjónaraðili verkefnisins er frá Litáen en aðrir samstarfsaðilar í verkefninu eru frá Íslandi, Búlgaríu, Króatíu, Spáni og Ítalíu. Erasmus+ styrkir verkefnið.

Women's opportunities for work and education (WOW-E)

Febrúar 2022 til september 2024

Markmið WOW-E-verkefnisins var að auka hæfni og tækifæri kvenna, meðal innflytjenda, sem hafa litla formlega menntun, að komast á vinnumarkaðinn og í menntunarúrræði. Verkefnið miðaði að því að meta og viðurkenna einkum óformlega færni, nota hæfniþróun og brúa leið kvenna af erlendum uppruna inn í atvinnulífið. Verkefnið var unnið í samstarfi við atvinnurekendur. Þá voru haldin námskeið fyrir markhópin þar sem unnið var með hæfniþróun og sjálfsstyrkingu til að taka þátt í atvinnulífinu. Afrakstur verkefnisins var rafrænn vettvangur með kennslu- og kynningarefni fyrir fyrirtæki og verkfæri fyrir ráðgjafa til að vinna með markhópnum. Umsjónaraðilar verkefnisins voru frá Finnlandi en aðrir samstarfsaðilar voru auk Íslands, frá Frakklandi, Portúgal og Þýskalandi. Erasmus+ styrkti verkefnið.



Mímir, Helix og Vigdísarholt hófu samstarf á árinu um þróunarverkefnið Samtal. Samskipti á íslensku í umönnun aldraðra.

Nemandi á íslenskunámskeiði 2024

Ég bjóst aldrei við að vera með svona gott námskeið á netinu, ég er mjög ánægð. til hamingju og takk.



GÆÐAMÁL

Mikil áhersla hefur verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis undanfarin ár og er árið 2024 því ekki undanskilið.

EQM+ gæðaúttekt á fræðslustarfsemi Mímis fór fram í október sem Mímir stóðst með sóma og lá formleg EQM+ vottun fyrir í lok árs. Um er að ræða endurnýjun á EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili fyrir EQM og EQM+ á Íslandi en þetta er gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. Mímir hlaut fyrst gæðavottun EQM árið 2012 og fer úttekt fram á þriggja ára fresti.

Áfram var unnið að því að innleiða gæðastjórnunarkerfi í öllum rekstri Mímis. Sú vinna hófst árið 2022 og fer fram samkvæmt gæðastaðlinum ISO 9001. Eftir sem áður tekur starfsemin mið af EQM og EQM+ gæðavottun fræðsluaðila en horft er til ISO 9001 staðalsins hvað það varðar sem EQM og EQM+ nær ekki yfir. Gæðateymi vann áfram að útgáfu


nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra.

Í nóvember hófst vinna við endurnýjun viðurkenningar Mímis sem fræðsluaðila með það að markmiði að hún liggi fyrir í upphafi árs 2025. Mímir hefur verið viðurkenndur fræðsluaðili í áraraðir en Miðstöð menntunar og skólaþjónustu gefur viðurkenninguna út fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytis að uppfylltum skilyrðum. Í viðurkenningunni felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenninguna ber að endurnýja reglulega með þar til gerðri umsókn til Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og uppfylla þarf skilyrði sem ráðuneytið setur meðal annars um rekstur, skipulag, gæði, hæfni starfsmanna og húsnæði.


Í samræmi við IV. kafla laga um framhaldsfræðslu var innra mat framkvæmt hjá Mími. Lögð var sérstök áhersla á að greina og efla upplýsinga- og tækniöryggi í starfseminni. Til verksins var fenginn sérfræðingur sem framkvæmdi heildstæða stöðugreiningu á öryggismálum Mímis. Í kjölfarið var ráðist í

Ánægja með nám og kennslu. Allar námsbrautir 2024

ÁNÆGJA MEÐ KENNSLU



Heildartölur






umfangsmiklar aðgerðir til að styrkja gagnaöryggi og bæta aðgangsstýringar. Unnin var stefna í upplýsingaöryggi og aðgangsstýringu sem var gefin út samkvæmt gæðakerfi Mímis auk notendaskilmála. Með þessum aðgerðum hefur Mímir styrkt innviði sína og aukið meðvitund starfsmanna sinna um mikilvægi upplýsingaöryggis við dagleg störf.

Mímir hlaut í sjötta sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2024 auk þess að uppfylla sjöunda árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2024. Aðeins 1-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.

Árið 2024 var fyrsta heila árið í breyttu skipulagi þar sem sviði fræðslu og þróunar hjá Mími var skipt upp í þrjú sérhæfð fagsvið með það að markmiði að auka gæði í starfi. Fagsviðin eru: Námsbrautir og þróun, Íslenska og erlent samstarf og Ráðgjöf og raunfærnimat. Hvert fagsvið er leitt af fagstjóra sem ber ábyrgð á framþróun og árangri á sínu sviði. Breytt skipulag innan fræðslu og þróunar hefur skilað sér í auknum gæðum og sérhæfingu í starfsemi Mímis auk markvissari þjónustu.

Ánægja með námið


ÁNÆGJA MEÐ NÁM



Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
4

Heildartölur





KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Mikið var um auglýsingar á samfélagsmiðlum árið 2024 og þeim haldið lifandi með fréttum um námskeið, útskriftir og annað í starfsemi Mímis. Samfélagsmiðlarnir Facebook, Instagram, LinkedIn og Google voru mest notaðir en á YouTube er einnig að finna ýmis kynningarmyndbönd. Þá voru öll námskeið hjá Mími sett sem kynningarefni inn á námskeiðsvef Alfreðs.

Fylgjendur Mímis á Facebook eru núna um 7500 og 850 á Instagram. Facebook fylgjendum hefur fjölgað um 10% á milli ára og Instagramfylgjendum um 30%. Á árinu 2024 voru um 233.700 notendur á Facebook sem sáu efni frá Mími og voru smellir um 34.300 sem er um 10% aukning frá fyrra ári. Á Instagram voru um 124.700 notendur sem sáu efni frá Mími en þeir voru 119.300 árið áður.

Frá byrjun mars til ársloka heimsóttu 51.000 einstaklingar vefinn www.mimir.is. Þá voru

námsbrautir kynntar í útvarpsauglýsingum og á ýmsum vefmiðlum í samstarfi við birtingafyrirtæki og íslenskunámskeið voru auglýst á strætóskýlum.

Í febrúar hélt Mímir, í samstarfi við ASÍ, ráðstefnuna Við vinnum með íslensku sem haldin var á Hótel Hilton. Ráðstefnan var afar vel sótt og mikil ánægja með hana. Starfsfólk Mímis tók þátt í viðburðum sem þykja tilvaldir til að nálgast markhóp sinn hverju sinni. Þá var farið í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir og starfsemi Mímis kynnt. Mímir rataði þrisvar sinnum í sjónvarpsfréttir á árinu. Annars vegar vegna nýrrar námsleiðar fyrir fatlað fólk en námið nefnist Færni á vinnumarkaði og hins vegar vegna nýrrar úttektar OECD á stöðu innflytjenda hér á landi í tengslum við framboð og fjárframlög til íslenskukennslu. Að auki tók fréttamaður AFP-fréttastofunnar viðtal við fagstjóra íslenskunáms Mímis um þróun íslenskukennslu á vinnustöðum.



Áhersla var á að kynna íslenskunámskeið í fyrirtækjum á Mannauðsdeginum í Hörpu.



Verkefnastjóri hjá Mími kynnti starfstengd íslenskunámskeið, sniðin að þörfum starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og á leikskólum, á hádegisfundi EPALE (Electronic Platform for Adult Learning in Europe).



Við vinnum með íslensku. Ráðstefna Mímis og ASÍ


Mímir-símenntun og Alpýðusamband Íslands stóðu fyrir ráðstefnu fimmtudaginn 29. febrúar 2024 sem bar yfirskriftina Við vinnum með íslensku. Um 120 manns sóttu ráðstefnuna þar sem umfjöllunarefnið var að leita leiða að öfluglu lærdómssamfélagi fyrir íslenskunám innflytjenda. Ráðstefnan var afar vel sótt og var mikil ánægja með hana.

Eftir því sem þátttaka innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði eykst verður þörfin á markvissri íslenskukennslu sífellt meiri. Á ráðstefnunni var einblínt á helstu áskoranir samfélags og vinnumarkaðar þegar kemur að inngildingu innflytjenda og því að kenna og læra nýtt tungumál í nýju landi. Katrín Jakobsdóttir, þáverandi forsætisráðherra, setti ráðstefnuna og Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, og Sólveig Hildur Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis, fluttu inngangsorð í upphafi ráðstefnunnar.

Erindi fyrirlesara fjölluðu um málefnið út frá ólíkum sjónarhornum. Gísli Hvanndal Ólafsson, verkefnastjóri, og Mirko Garofalo, aðjunkt í íslensku sem öðru máli hjá Háskóla Íslands, fjölluðu um þróunarverkefni í íslensku hjá HÍ.

Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, fór yfir stöðu innflytjenda á vinnumarkaði, Joanna Kleszczewska, leikskólakennari sagði frá sinni reynslu af íslenskunámi og Joanna Dominiczak, fagstjóri íslenskunáms hjá Mími-símenntun, fór yfir nýjungar og áskoranir er varða íslenskukennslu. Að auki fór Thomas Liebig, sérfræðingur hjá OECD, yfir tillögur OECD að því er varðar tungumálapjálfun hjá fullorðnum innflytjendum og Matilde Grünhage-Monetti, sérfræðingur Language for Work teymis hjá European Center for Modern Languages, fjallaði um reynslu annara landa, þar á meðal Þýskalands, af tungumálakennslu og inngildingu.

Að erindunum loknum voru settar upp vinnustofur þar sem allir þátttakendur ráðstefnunnar tóku þátt í umræðum um hugmyndafræði og þróun íslenskukennslu og hvernig best væri að háttta íslenskukennslu fyrir fullorðna. Niðurstöður vinnustofanna munu nýtast við enn frekari þróun á íslenskukennslu.





FJÁRMÁL OG REKSTUR

Velta ársins 2024 jókst um 17% á milli ára. Hún var 652 milljónir króna á árinu en 556 milljónir á árinu 2023. Þá tók Mímir að sér meira prófahald en áður fyrir aðrar menntastofnanir og fleiri sóttu náms- og starfsráðgjöf. Veltuaukninguna má þó að mestu leyti rekja til aukningar í úthlutun fræðslusjóðs.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) heldur utan um faglega þróun og úthlutun fjármagns í gegnum fræðslusjóð sem er fjármagnaður af Alþingi. FA er mikilvæg stoð í starfsemi símenntunarmiðstöðva með samning við hið opinbera um framkvæmd framhaldsfræðslu. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytis-

ins. Þá er FA samstarfsvettvangur eigenda um þróun og stefnumörkun í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði.

Rekstur Mímis er byggður að stærstum hluta á verkefnum sem styrkt eru með opinberu fé. Starfsemin er stöðug og byggist á þéttri áætlanagerð og eftirliti með framkvæmd verkefna. Eftirspurn eftir námi á grundvelli námskráa FA hefur verið vaxandi og spurn eftir náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati hefur verið stöðug.

Það þarf ekki að koma á óvart að eftirspurn eftir íslenskunámi innflytjenda hefur vaxið mjög. Sú kennsla er styrkt af Alþingi en framlag til Mímis á árinu náði ekki að fylgja þeirri auknu eftirspurn. Samdráttur var í framlög-

um félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins vegna íslensku fyrir útlendinga en vegna mikillar eftirspurnar eftir þeim námskeiðum voru haldin fleiri námskeið en styrkurinn náði til og voru þau fjármögnuð með öðrum leiðum.

Mímir er rekinn undir rekstrarformi einkahlutafélags en er óhagnaðardrifið félag þar sem samþykktir þess kveða á um að ekki megí greiða eigendum arð heldur skuli nýta mögulegan rekstrarafgang til að efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.

Rekstrarafgangur síðasta árs var nýttur til innviðafjárfestinga og jókst því kostnaður umtalsvert á milli ára eða um 22%. Inn-

viðafjárfestingar voru að mestu leyti í formi endurnýjunar á tækjabúnaði. Allar innviðafjárfestingar eru gjaldfærðar á þeim degi sem til þeirra stofnast en eru ekki eignfærðar með tilheyrandi afskriftum. Stöðugildi jukust um 1,2 og voru 20 á árinu en voru 18,8 árið áður. Aðkeypt vinna verktaka vegna aukins námskeiðahalds jókst um tæp 20%.

Rekstrarhalli var af almennum rekstri félagsins en rekstrarafgangur ársins eftir fjármagnsliði var rúmlega fjórar milljónir króna.

Nemandi í Mími 2024


Námskeiðið var mjög gott. Mímir og kennarar eiga það besta skilið. Ég þakka ykkur öllum.



HLUTFALLSLEG SKIPTING REKSTRARTEKNA ÁRIÐ 2024

Á
R
S
K
Ý
R
S
L
A

2
0
2
4



94% nemenda
eru **ánægð** eða **mjög ánægð**
með námið hjá Mími

94%

